



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun
B/T Hinriks Greipssonar
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti			
ANR	13090125	Ábm.	AKUREYRARBÆR
Málal.	11.3.1	Áðir	65P
Mótt.	21.11.2013		
Aths.			

Skrifstofa Ráðhúss

Akureyri, 18. nóvember 2013
2013090135 01-730

Efni: Byggðakvóti handa Hrísey og Grímsey fiskveiðiárið 2013/2014 – sérstök skilyrði

Með vísan í 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 665/2013 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2013/2014 óskar Akureyrarkaupstaður eftir að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta til skipa skráðra í Hrísey á eftirfarandi hátt:

- Að byggðakvótanum verði úthlutað jafnt á þá báta sem gerðir hafa verið út í að minnsta kosti 9 mánuði á síðustu 12 mánuðum.
- Ákvæði 1. og 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verði: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu í Hrísey á tímabilinu frá 1. september 2013 til 31. ágúst 2014. Aflinn skal nema, í þorskígildum talið, jöfnu magni þess aflamarks sem úthlutað er samkvæmt reglugerð þessari.

Með vísan í 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 665/2013 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2013/2014 óskar Akureyrarkaupstaður eftir að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta til skipa skráðra í Grímsey á eftirfarandi hátt:

- Ákvæði 1. og 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verði: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu í Grímsey á tímabilinu frá 1. september 2013 til 31. ágúst 2014. Aflinn skal nema, í þorskígildum talið, jöfnu magni þess aflamarks sem úthlutað er samkvæmt reglugerð þessari.

Virðingarfyllst,

f.h. Akureyrarbæjar


Dagný Magna Harðardóttir
skrifstofustjóri Ráðhúss

Akureyrarbær